

Alþingi  
Erindi nr. P 128/234  
komudagur 21. 11. 2002

ÚTVARPSSTJÓRI


Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 R.

Reykjavík, 20. nóvember 2002.

Með bréfi dags. 4. nóvember sl. óskaði menntamálanefnd umsagnar Ríkisútvarpsins um tillögu til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, 6. mál.

Erindinu var vísað til umsagnar forstöðumanns þróunarsviðs Ríkisútvarpsins og fylgir umsögnin hér með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson

Markús Örn Antonsson,  
útlagsstjóri.

Reykjavík 18. nóvember 2002.

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útlags um gervitungl, þskj. 6 – 6. mál. Umsögn.

Ríkisútlagsið hefur verið í viðræðum við erlend gervitunglafyrirtæki um sjónvarps- og útlagsssendingar um gervitungl. Um þessar mundir standa yfir tilraunasendingar frá tveimur gervitunglum á jarðstöðubraut þ.e. frá Thor II á 1° vestlægrar lengdar og á Astra 2D sem er á 28,2 ° austlægrar lengdar. Vegna stöðu sinnar á jarðstöðubraut sjást tunglin mis hátt yfir sjóndeildarhringnum. Af því leiðir að móttökumöguleikar á útsendingum þeirra eru misjafnir en sjónlína þarf að vera frá móttökudiski í gervitunglið. Á vegum Ríkisútlagsins er nú unnið að úttekt á því hvernig sjónvarpsendingar RÚV um þessi gervitungl kynnu að nýtast út um landið og á hafsvæðunum umhverfis það. Ekki verður unnt að ná til allra byggðra bóla á landinu með sendingum frá einu gervitungli. Niðurstöður athugananna munu liggja fyrir innan fárra vikna.

Ríkisútlagsið hefur lengi haft áhuga á gervitunglasendingum fyrir dagskrár sínar. Af kostnaðarástæðum hefur enn ekki verið ráðist í þessa þjónustu en hún mun kosta að lágmarki um 30-40 milljónir árlega. Kostnaðurinn ræðst að hluta til af gæðum sjónvarpsmyndarinnar sem send er út. Kostnaður við búnað notenda fer einnig að nokkru eftir gæðum hans. Góður móttökudiskur um 1,2 m að stærð ásamt móttakara kostar um 80-90 þúsund krónur með aðflutningsgjöldum.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir m.a.: “mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum sjónvarps og útlags”. Útsendingar Sjónvarpsins ná til um 99,8% landsmanna og er það hærra hlutfall en hjá öðrum almannathjónustustöðvum í Evrópu samkvæmt upplýsingum European Broadcasting Union. Dreifikerfi Útlagsins nær til 100% landsmanna með FM- og langbylgjusendingum við breytileg móttökuskilyrði. Þeir markhópar sem gervitunglasendingar gætu náð til umfram jarðnetið eru afskekkt býli, sjómenn á hafi úti og Íslendingar erlendis. Dreifikerfi Ríkisútlagsins hefur verið byggt upp til að ná til byggðra bóla með fasta búsetu árið um kring. Dreifikerfi Sjónvarpsins hefur að litlu leyti verið hugsað fyrir miðin umhverfis landið en með byggingu langbylgjusstöðva Útlagsins voru sjófarendur mjög mikilvægur markhópur. Engar breytingar hafa verið gerðar til að draga úr sendingum Sjónvarpsins á haf út.

Í greinargerðinni er einnig sagt að stuttbylgjusendingar hafi verið aflagðar. Stuttbylgjusendingar Útlagsins hófust á ný fyrir júl á síðasta ári eftir fárra vikna stöðvun og hafa farið fram með óbreyttu sniði það sem af er þessu ári.

Með kveðju,



Eyjólfur Valdimarsson,  
forstöðumaður þróunarsviðs.